

## Jarðhitafélag Íslands

### Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015-2016

Aðalfundur 12. apríl 2016

Ágætu félagsmenn,

Að baki er enn eitt viðburðaríkt ár í jarðhitanum á Íslandi. Nýtingu jarðhita fylgja bæði tækifæri og áskoranir. Undanfarna mánuði höfum við tekist á við nýjar áskoranir á sviði jarðhitanýtingar. Uppsöfnun á efnum sem innihalda alfa og beta geislandi kjarna hafa í fyrsta sinn fundist á Íslandi í útfellingum sem tengjast nýtingu háhita. Miklar rannsóknir á þessu nýfundna fyrirbæri standa nú yfir og er ég þess fullviss að þessar rannsóknir komi til með að skila sér í mun dýpri og öflugri þekkingu á jarðhitageyminum.

Þá getum við glaðst yfir því að næsti áfangi í djúpborun á Íslandi er að hefjast. Íslenska djúpborunarverkefnið (IDDP) sótti á síðasta ári um stóran styrk til Evrópusambandsins vegna rannsókna í tengslum við fyrirhugaða borun á holu IDDP-2 á Reykjanesi. Sótt var um tæplega 20 milljón evra styrk í rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og er skemmst frá því að segja að umsóknin var samþykkt og hófst verkið formlega 1. desember 2015. Rannsóknarverkefnið kallast DEEPEGS og er styrktímabilið til 4 ára, um um 45% af styrkuppþæðinni kemur til Ísland. Um mitt ár verður 2,5 km djúp vinnsluhola á Reykjanesi tekin úr rekstri, hreinsuð, fóðruð djúpt með steyptri stálfóðringu niður fyrir 3 km, og síðan dýpkuð í 4-5 km dýpi. Niðurdæling og vinnslutilraunir munu síðan standa yfir næstu 2 árin á eftir eða svo.

Það er því spennandi tímar framundan.

#### 1. Starfsemi stjórnar JHFÍ

Á síðasta aðalfundi félagsins, þann 19. mars apríl 2015, gekk Magnús Ólafsson úr stjórn félagsins. Steinunn Hauksdóttir var kjörin ný í stjórn félagsins til tveggja ára.

Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson voru kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins og Oddur B. Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

Ný stjórn skipti með sér verkum með þeim hætti að, auk Kristínar Völu Matthíasdóttur formanns var Hildigunnur Thorsteinsson valin sem varaformaður, Sigurjón Norberg Kærnested ritari, Claus Ballzus gjaldkeri og Steinunn Hauksdóttir, Magnús Þór Jónsson og Egill Júlíusson meðstjórnendur.

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnu sniði. Haldnir voru 6 fundir (fundir 124-129) og var mestum kröftum stjórnar beint að haust-og vorfundum félagsins.

#### 2. Starfsemi Jarðhitafélags Íslands

Af starfsemi Jarðhitafélags Íslands starfsárið 2015-2016 ber helst að geta vorfund félagsins 2015, haustfund 2015 og nú vor- og aðalfundur 2016. Einnig voru veittir styrkur til háskólanema til að kynna verkefni á erlendri ráðstefnu.

## Vorfundur JHFÍ 2015

Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2015 var haldinn 19. mars í húsaáskynnum Landsvirkjunar, að loknum aðalfundi félagsins. Á fundinum fengum við að hlýða á nokkur þeirra erinda sem Íslendingar fluttu í Ástralíu á WGC. Einnig kom Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, doktorsnemi og lýðheilsufræðingur í Háskóla Íslands og sagði frá rannsókn sinni á tengslum jarðhitasvæða og krabbameins. Fundarstjóri var Árni Ragnarsson, jarðhitaverkfræðingur ÍSOR.

## Haustfundur Jarðhitafélags Íslands 2015

Haustfundur JHFÍ var haldið í húsaáskynnum Mannvits 22. október 2015. Á fundinum var fjallað um fjölnýtingu jarðhita á Íslandi. Á fundinn mættu fulltrúar ÍSAGA, Friðheima, Norðursalts og Geosilica og kynntu hvernig þau nýta það sem jarðhitaauðlindin gefur af sér til að búa til verðmæta afurð. Fundarstjóri var Guðrún Erla Jónsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur.

## Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að veita tvo allt að 300 þús. króna styrki til háskólanema, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Að þessu sinni bærust 8 mjög frambærilegar umsóknir. Eftir mjög nákvæma yfirferð á umsóknunum ákvað stjórn félagsins að veita Sigrúnu Brá Sverrisdóttur og Elvari Bjarkasyni styrkina.

Elvar Bjarkason stundar doktorsnámi í jarðhitaverkfræði við háskólann í Auckland í Nýja Sjálandi. Elvar stefnir að því að flytja erindi og birta grein um: Bætta kvörðun á náttúrulegu ástandi jarðhitakerfa á Stanford Jarðhitaráðstefnunni í febrúar 2016.

Sigrún hefur nýlengið meistaranámi sínu í orkuverkfræði í Háskólanum í Reykjavík þar sem lokaverkefni hennar fjallaði um tvífasa-ferilefnaprófum í Svartsengi, greiningu rennsisleiða og mat á langtímaáhrifum niðurdælingar. Sigrún stefnir á að kynna verkefni sitt á GRC Annual Meeting árið 2016.

### 3. Annað á döfni í íslenska jarðhitaheiminum

Þátttaka í Alþjóða jarðhitasambandinu, IGA, hefur frá upphafi verið mikilvægur þáttur í starfsemi JHFÍ. Allir félagsmenn JHFÍ eru jafnframt meðlimir IGA og njóta fríðinda sem slíkir á viðburðum á vegum IGA. Íslendingar hafa alla tíð verið áberandi í stjórn IGA og sitja nú 4 fulltrúar Íslands í 30 manna stjórn IGA. Í sumar rennur út kjörtímabil þeirra Bjarna Pálssonar og Árna Ragnarssonar. Samkvæmt lögum IGA á Jarðhitafélag Íslands rétt á tveim stjórnarmönnum í stjórn IGA. Að auki hefur stjórn IGA heimildir til þess að bæta við mönnum í kjörið ef fyrir því liggja sérstakar ástæður. JHFÍ telur mikilvægt að vera með breiðan hóp í stjórn IGA í aðdraganda WGC 2020 og hefur því tilnefnt tvo fulltrúa JHFÍ til kjörs í sumar. Þau Kristínu Völu Matthíasdóttir, formanns, og Bjarna Bjarnasonar forstjóra Orkuveitur Reykjavíkur.

Eftir tvær vikur hefst Iceland Geothermal Conference III í Hörpunni. Það stefnir í glæsilega og vel sóttu ráðstefnu, en á ráðstefnunni í ár verður rekstur og viðhald auðlindar og orkuvera og fjölnýting í brennideplinum.

### 4. Lokaorð

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili Kristínar Völu Matthíasdóttur, formanns, Sigurjóns Norberg Kærnested ritara, Magnúsar Þórs Jónssonar meðstjórnanda og Egils Júlíussonar, meðstjórnanda. Þau

Kristín Vala, Sigurjón og Magnús gefa kost á sér til endurkjörs. Egill segir hins vegar skilið við stjórn JHFÍ eftir 2 ára setu. Vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka Agli fyrir störf sín fyrir félagið sl. 2 ár.

Fjármál félagsins eru með ágætum og verða rædd undir sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að líða.

Fyrir hönd stjórnar Jarðhitafélags Íslands,

Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður.